

Matvælastofnun
Austurvegi 64
800 Selfoss

| | |
|----------------|----------------|
| Matvælastofnun | 1806089 |
| Málaþrá Mast: | 1806089 |
| Ábm.: EÖTH | Fskj.: |
| Innk. dags.: | - 4. JÚNÍ 2018 |
| Bréfalykill: | 9.1.0 |

Reykjavík 1.06.2018

Umsókn um vernd afurðaheitis „Íslensk lopapeysa“ (Icelandic Sweater)

Umsóknaraðili: Framleiðendahópur á handprjónuðum íslenskum lopapeysum

Forsvarsaðili umsóknar: Handprjónasamband Íslands

Borgartún 31, 105 Reykjavík

Fylgiskjal við umsókn:

Íslenska lopapeysan: Uppruni, saga og hönnun

eftir Ásdísi Jóelsdóttur lektor við HÍ

Viðtakandi: Matvælastofnun

Austurvegi 64, 800 Selfoss

Umsókn um afurðaheitið „Íslensk lopapeysa“

Undirritaðir aðilar sem prjóna, hanna munstur og selja handprjónaðar íslenskar lopapeysur sækja hér með um að mega nota „ÍSLENSK LOPAPEYSA“ sem verndað afurðaheiti, sbr. 2. lið 2. gr. rg. nr. 596/2016 auk Viðauka I 1. *Ull* og með auðkennismerkini „*Upprunatilvisun*“, á ensku „*Protected Designation of origin*“ í Viðauka II. Tilgangurinn með umsókninni er að stuðla að neytendavernd, auka virði afurðarinnar og koma í veg fyrir óréttmæta viðskiptahætti (nr. 130/2014. 1. gr. *Tilgangur*).

Sótt er um vernd afurðarheitis ÍSLENSK LOPAPEYSA sem vísar til uppruna (nr. 130/2014. 4.gr. *Skilyrði verndar afurðarheitis sem vísar til uppruna*). Við gerð peysunnar er notuð íslensk ull eins og tiltekið er í Viðauki I 1. *Ull* og verður peysan merkt auðkennismerkini „*Upprunatilvisun*“, á ensku „*Protected Designation of origin*“ samkvæmt Viðauka II.

Heimilt er að veita afurðarheiti, sem vísar til uppruna, vernd á grundvelli skráningar samkvæmt 4. gr. laganna ef öll eftortalinna skilyrða eru uppfyllt:

- a. ef afurðin er upprunnin á tilteknu svæði, stað eða landi,
- b. ef rekja má gæði eða eiginleika afurðar, verulega eða að öllu leyti, til staðháttu, að meðtöldum náttúrulegum og mannlegum þáttum, og
- c. ef framleiðsla, vinnsla og tilreiðsla afurðar fer fram á hinu skilgreinda landsvæði.

Nánari skýring í tengslum við umsókn: Við lið b. og c. (4.gr.) er vísað í það að afurðin ÍSLENSK LOPAPEYSA og íslenska ullin uppfylla rekjanleika, gæði og náttúrulega þætti. Handprjónið og munsturhönnunin uppfylla rekjanleika, gæði og mannlega þætti sem rekja má til þekkingu og reynslu framleiðendahópsins með staðsetningu á Íslandi og þess að afurðin hefur, frá því um miðja síðustu öld, verið búin til á Íslandi. Þannig að sá sem uppfyllir þau skilyrði ásamt því sem tilgreint er í afurðarlýsingu og merkingu afurðar getur nýtt afurðaheitið með þeim skilyrðum að umrædd söluafurð sé handprjónuð á Íslandi, hér einnig með tilvísun í lið a. (4.gr.) hér að ofan „ef afurðin er upprunnin á tilteknu svæði, stað eða landi“.

Sótt er um: Vernd afurðaheitis ÍSLENSK LOPAPEYSA, nánar: handprjónuð og hefðbundin íslensk lopapeysa úr íslenskri ull og prjónuð á Íslandi.

Umsóknaraðili: Framleiðendahópur (handprjón og munsturhönnun) á handprjónuðum og hefðbundnum íslenskum lopapeysum úr íslenskri ull.

Forsvarsaðili umsóknar: Handprjónasamband Íslands, Borgartún 31, 105 Reykjavík.

Fylgiskjal við umsókn: Pdf-skjal af rannsókn og ritrýndu fræðiriti undir heitinu *Íslenska lopapeysan: Uppruni, saga og hönnun* eftir Ásdísi Jóelsdóttur lektor í textíl við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, gefið út af Háskólaútgáfunni 2017. Ásdís Jóelsóttir hefur gefið leyfi til að nýta ritin sem heimild til að styðja við rannsóknargildið á bak við afurðaheitið.

Rökstuðningur fyrir umsókninni

Undanfarin ár hefur sala og eftirspurn á íslenskum lopapeysum aukist verulega. Því er mikilvægt að hægt sé að tryggja rekjanleika peysunnar, að hún sé raunverulega prjónuð úr íslenskum lopa, með hringлага og útprjónuðu berustykki og handprjónuð á Íslandi. Enda er íslenska lopapeysan helsta ímynd íslensks handverks, rétt eins og norsku tvíbandapeysurnar og þær hjaltnesku „Fair Isle“ peysurnar sem eru stolt sinna þjóða.

Margir nýir prjónarar og margir nýir sölustaðir hafa bæst við á síðustu árum vegna aukins ferðamannastraums til landsins. Helsta ástæðan er ímynd peysunnar fyrir land og þjóð þar sem hún stendur fyrir ekta íslenskt handverk.

Aukin erlend framleiðsla á „lopapeysum“ úr erlendri ull/gerviefnum þar sem líkt er eftir formi og hefðbundnum lopapeysumunstrum knýr einnig á um að kaupendur hafi möguleika til að greina á milli „Íslenskrar lopapeysu“ og eftirlíkinga. Slíkar aðstæður grafa einnig undan tilvist, viðurkenningu og verndun íslensku lopapeysunnar sem hönnuð var og er af íslenskum prjónurum og munsturhönnuðum.

Erlendir prjónarar og prjónasérfræðingar sem hingað koma hafa mikinn áhuga á lopa, lopapréjóni og íslensku munsturhefðinni og leggja margir leið sína hingað til að nema lopapeysuprjón.

Fleiri ferðamenn gera kröfur um upprunavottun og er það réttur neytandans að geta keypt peysu með öruggri upprunavottun, bæði hvað varðar ullina og handverkið. Aukið ákall er því eftir upprunamerkingu afurðarinnar þannig að hefðbundin sérkenni peysunnar; ullin, últitið og gerð hennar, séu rekjanleg.

Rökstuðningur fyrir umsókn og hefðinni á bak við afurðina ásamt afurðalýsingu er einnig unnin samkvæmt rannsóknarniðurstöðum Ásdísar Jóelsdóttur lektors við Háskóla Íslands á uppruna, sögu og hönnun íslensku lopapeysunnar og sem gefin var út sem ritrýnt fræðirit undir sama heiti haustið 2017.

Afurðalýsing ÍSLENSK LOPAPEYSA

Sértækir þættir sem einkenna hefðbundna íslenska lopapeysu:

Samkvæmt niðurstöðum rannsóknar Ásdísar Jóelsdóttur lektors við Háskóla Íslands (*Íslenska lopapeysan: Uppruni saga og hönnun*, 2017) þá er íslenska lopapeysan sérlensk frumhönnun sem á uppruna í íslenskri prjóna- og munsturhefð frá því fyrir miðja síðustu öld auk þess að eiga rætur í íslenskri prjóntækni og munsturfyrirmynnda aftur í aldir og á það einnig við um peysuna sem mikilvæga heimaunna söluvöru. Handverkið við gerð peysunnar og munsturgerðin byggir á íslenskri menningarhefð.

Um er að ræða handprjónaða peysu úr íslenskri ull og er ullin klippt af sauðfénu. Peysan er prjónuð af handverksfólki á Íslandi. Peysan er prjónuð í hring og skiptist í bol og ermar. Einfalt prjónasnið peysunnar ræðst af því að á henni eru engir saumar, sem einnig hefur áhrif á hversu fljótlegt er að prjóna hana. Ástæðan er sú að hún er hringprjónuð í einu samfelldu ferli, en meginástæðan er teygjanleiki lopans þar sem peysan yrði þá misteygð vegna saumanna sem gefa lítið eftir. Peysan er höfð heil að framan eða opin, m.a. rennd, hneppt eða krækt og eru ýmsar aðferðir notaðar við það að ganga frá opnum framköntum peysunnar og frágangur í hálsmáli er einnig með ýmsu móti.

Eiginleikar íslensku ullaninnar í lopanum veldur því að lopapeysan hentar vel í íslenskri veðráttu, hvort heldur er vetur, sumar, vor eða haust og því hentug sem vinnu-, sjómanns- og útivistarfílik. Náttúruleg ullanfítan, ásamt sléttu og grófu toghárnum, gerir ulla vatnsfráhrindandi. Aftur á móti tekur ulla vel við raka frá húðinni og er því þægileg í fatnað þótt hlýtt sé í veðri. Þessir eiginleikar íslensku ullaninnar gera það að verkum að handprjónaðar lopapeysur eru þykkar en einnig mjög léttar.

Íslenska ulla hefur verið til í ýmsum litbrigðum frá náttúrunnar hendi eða í svokölluðum sauðalitum sem eru fjölbreyttir hjá íslenska sauðfínu, en í peysurnar er einnig notuð verksmiðjulituð ull og jurtalituð.

Íslendingar búa yfir mikilli munsturhefð eins og *Íslenska sjónabókin* ber vitni um. Munstrið á íslensku lopapeysunni er líka það sem gefur peysunni sérstöðu. Um er að ræða afgerandi munsturútlit (munsturform eða munsturbekkir) sem nær frá herða- eða axlalinu að hálsmáli. Munstrin á íslensku lopapeysunni hafa aðallega verið sótt í íslenska munsturhefð eða til forma náttúrunnar. Margar munsturbækur voru gefnar út í kringum Alþingishátíðina 1930 og

lýðveldisháttíðina 1944. Í þeim var einkum að finna fjölbreytta munsturbekki frá eldri vefnaðar- og útsaumsverkum (allt frá 17. öld) sem höfðu orðið til hér á landi og er einnig hægt að nýta í prjónamunstur. Þessar fyrirmyndir höfðu mikil áhrif á þróun munstursins á hringlagu axlastykki íslensku lopapeysunnar og þá helst á uppröðun mismunandi munsturbekkja.

Á síðustu árum hafa íslenskir hönnuðir í mismunandi greinum sótt innblástur til lopapeysunnar í eigin verkum. Hvort það er ullin sjálf, áferð lopans, litirnir, munstrin eða prjóntæknin sem heillar, þá er það ímynd lopapeysunnar, sem lengi hefur verið þekkt sem náttúruleg afurð með áberandi þjóðlegu munstri sem veitir þeim innblástur.

Flestir handverkshópar á landinu eru með gæðanefnd þar sem farið er yfir allar lopapeysur sem skilað er inn til sölu. Peysurnar eru meðal annars metnar út frá vandvirkninni í prjóninu, jafnvægi í sniði, hér á við ermar í hlutfalli við bol og góðum frágangi. Þeim peysum sem uppfylla ekki skilyrðin er hafnað.

Meginefni á þeim sértaðku þáttum sem einkenna hefðbundna íslenska lopapeysu:

- Ullin sem notuð er í handprjónaðar íslenskar lopapeysur er klippt af íslensku sauðfé
- Í peysuna er notuð nýull (ull sem ekki er endurunni)
- Peysan er prjónuð úr lopa, s.s. plötulopa, Léttlopa, Álafosslopa o.s.frv.
- Hringprjónað berustykki með munsturformum og/eða munsturbekkjum frá herða- eða axlalínu að hálsmáli
- Peysan er handprjónuð á Íslandi
- Peysan er prjónuð í hring án sauma (án samsetningar)
- Peysan er opin eða heil

Tillaga að merkingu afurðarinnar til viðbótar við afurðamerkingu Matvælastofnunar:

Afurðamerki „Upprunatilvísun“ frá Matvælastofnun á íslensku og ensku (markmiðið er einnig Evrópumerki)

- Afurðaheiti: ÍSLENSK LOPAPEYSA
- Sameiginlegur merkimiði fyrir framleiðendahópinn, að auki með merki/lógó hópa/söluaðila:
- Ullin er klippt af íslensku sauðfé
- Peysan er prjónuð á Íslandi

- Íslensk ull _, blönduð með _%
- Plötulopi _ Léttlopi _ Álafosslopi _ Annað?_
- Prjónari: nafn og staður/netfang
- Munsturhönnuður: nafn
- Peysuhönnun (snið): nafn
- Útfærslumunstur (þ.e. frá frumhönnun): nafn

Hefð

Helstu einkenni íslensku lopapeysunnar eru handprjónið og hráefnið íslensk ull, gerð hennar, snið og sterk útlitseinkenni; hringlaga munstur yfir axlir og herðar þar sem fyrirmyn dir eru sóttar í íslenska prjóntækni langt aftur í aldirnar og munsturarfleifð.

Íslenska lopapeysan er séríslensk frumhönnun og á íslenska prjónakonan heiðurinn, en það er engin ein prjónakona eða prjónahönnuður sem „hannaði“ peysuna heldur er um að ræða samvinnu margra aðila. Þróun hennar tengist einnig samfélags- og efnahagslegum áhrifavöldum eins og stofnun ullanverksmiðja, kreppu og innflutningshöftum, aukinni sjómennsku og útvist.

Peysan hefur í gegnum tíðina haft margþætt hlutverk sem mikilvægur hluti af lífsbjörg heimilanna og sem söluvara, auk þess að vera þægileg og hlý vinnupeysa og vinsæl útvistarpeysa. Peysan sem vinsæl minja- og útflutningsvara er líka eitt helsta einkenni íslensku lopapeysunnar, en þannig varð til vöruheitið „Íslensk lopapeysa“ á erlendum mörkuðum rétt eftir miðja síðustu öld og sú þróun festi gerð hennar og útlit í sessi.

Eftir að ullanverksmiðjurnar urðu gjaldþrota á tíunda áratug 20. aldar lifði handverkið á bak við peysuna hjá prjónakonunum sem höfðu handprjónað lopapeysur til útflutnings hjá fyrrum verksmiðjum svo og bandframleiðslan og útgáfa prjónabóka hjá Ístex, en samspli þessara þriggja þátta; illin, munsturhönnunin og handprjónið hefur haldið lífi í íslensku lopapeysunni.

Í byrjun 21. aldar fær lopapeysan nýtt hlutverk, hún þynnist og þrengist og verður, auk þess að vera mikilvæg minjavara, einnig að vinsælli tískuvöru hjá Íslendingum sjálfum og erlendum ferðamönnum. Hún er ekki bara einhver peysa sem útlendingar kaupa til sönnunar um að þeir hafi verið á Íslandi, heldur er hún notuð dags daglega af Íslendingum sjálfum við hvaða aðstæður sem er.

Í hrúninu árið 2008 varð mikill vöxtur í handprjóninu, enda var plötulopinn ódýr vara. Íslenska lopapeysan varð aftur að vissu tákni fyrir lífsbaráttu þjóðarinnar því það þótti „lífsnauðsynlegt“ að kunna að prjóna íslenska lopapeysu. Þessar aðstæður gáfu nýrri kynslóð prjónakvenna hér á landi ástæðu til að viðhalda handprjónuðu lopapeysunni og nýjar prjónakonur hafa bæst í hót þeirra sem prjóna og selja.

Breytt tínska og tíðarandi kalla þó alltaf eftir nýjum útfærslum í sniði og munstri en þrátt fyrir ýmsar tískusveiflur hefur hin hefðbundna íslenska lopapeysa haldið grunnútliti sínu. Að sama skapi fer þeim þó fækkandi sem kunna að búa til munstur og uppskriftir og útfæra þær fyrir mismunandi stærðir. Það er einmitt þess vegna sem ástæða er til að viðhalda sögu hennar og gerð.

Niðurstöður rannsóknar Ásdísar Jóelsdóttur sýna að það sem helst ógnar stöðu íslensku lopapeysunnar í dag er innflutningur og framleiðsla vissra söluaðila á eftirlíkingum í samanburði við handprjónaðar lopapeysur unnar á Íslandi, en ekki eru í gildi lög hér á landi um upprunamerkingu á vörum þar sem fram kemur hvar varan er framleidd.

Margir ferðamenn eru, eins og áður sagði, mjög meðvitaðir um upprunamerkingar og vilja eingöngu handprjónaðar peysur sem eru búnar til af heimafólki, en aðrir þekkja ekki muninn á eftirlíkingum og heimaunnum vörum.

Þessar aðstæður geta mögulega dregið úr sölu á handunnum íslenskum lopapeysum og um leið skaðað þá mikilvægu þekkingarárfleifð og atvinnustarfsemi sem á sér rótgróna hefð í íslenskri menningar- og atvinnusögu. Okkur sem þjóð ber skylda til að standa vörð um íslenska menningarárfleifð sem íslensk lopapeysa er í huga og verki þjóðarinnar.

Undirritaður framleiðindahópur og umsóknaraðilar:

Heiti hópa/sölustaða: Handprjónasamband Íslands

Fjöldi aðila/prjónara: 450

Tengiliður hóps/söluaðila: Baldrún Jónsdóttir

Netfang: handknit@handprjonasambandid.is

Sími: 552 1890

Heiti hópa/sölustaða: Þingborg Ullarvinnsla

Fjöldi aðila/prjónara: 36

Tengiliður hóps/söluaðila: Margrét Jónsdóttir

Netfang: gamlathingborg@gmail.com

Sími: 846 9287

Heiti hópa/sölustaða: Thorvaldsens Bazar/Thorvaldsensfélagið
Fjöldi aðila/prjónara: 40
Tengiliður hóps/söluaðila: Ragnheiður Katla Geirsdóttir verslunarstjóri Thorvaldsens Bazar
og formaður félagsins Anna Birna Jensdóttir
Netfang: thorvaldsens@simnet.is og annabirna@thorvaldsens.is
Sími: 551 3509

Heiti hópa/sölustaða: Handverkskonur á milli heiða, Goðafossmarkaður/sölustaður við
Fosshól
Fjöldi aðila/prjónara: 20
Tengiliður hóps/söluaðila: Anna Sigríður Helgadóttir
Netfang: spa1983@simnet.is
Sími: 861 6347

Heiti hópa/sölustaða: Alþýðulist félags handverksfólks í Skagafirði/ Gallerí Alþýðulist
Varmahlíð
Fjöldi aðila/prjónara: 77
Tengiliður hóps/söluaðila: Hilma Eiðsdóttir Bakken
Netfang: althyduelist@gmail.com
Sími: 865 3614

Heiti hópa/sölustaða: Gallery Tyrkja Gudda
Fjöldi aðila/prjónara: 9
Tengiliður hóps/söluaðila: Jóhanna Lilja Eiríksdóttir
Netfang: johanna.lilja1@gmail.com
Sími: 867 1160

Heiti hópa/sölustaða: Gallerí Kolfreyja Fáskrúðsfirði
Fjöldi aðila/prjónara: 50
Tengiliður hóps/söluaðila: Guðrún Gunnarsdóttir Michelsen
Netfang: gunnag@simnet.is
Sími: 863 6117

Heiti hópa/sölustaða: Salthússmarkaðurinn Stöðvarfirði
Fjöldi aðila/prjónara: 35
Tengiliður hóps/söluaðila: Ólöf Sigurlín Kristinsdóttir
Netfang: linakristins@gmail.com
Sími: 844 8382